

Ráðinn framkvæmdastjóri Geðhjálpar

● SVEINN Magnússon hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Geðhjálpar og hóf störf 1. september sl.

Sveinn var lengi vel aðstoðarframkvæmdastjóri Furu ehf. en var nú síðast fulltrúi í fyrirtækjajónustu Íslandsbanka-FBA hf.

Í stjórn Geðhjálpar eru: Eydís Sveinbjarnardóttir, formaður, Sigursteinn Másson, varaformaður, Þóra Kolbrún Sigurðardóttir, gjaldkeri, Þórunn Gunnarsdóttir, ritari, Karl Valdimarsson, Sigríður Kristinsdóttir og Tryggvi Björnsson, meðstjórnendur.

Hjá Geðhjálpar eru miklar annir um þessar mundir að undirbúa væntanlegt geðræktaráttak á landsvísu og Alþjóðlegan geðheilbrigðisdag 10. október nk., segir í fréttatilkynningu. Yfirskrift 10. október að þessu sinni eru „Vinna og geðheilbrigði“.